

Ed.

51. Framvarp til laga

[49. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

2. másl. 6. gr. laganna orðist svo:

Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er afmáð af skipaskrá vegna þess, að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum laga um skráning skipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 6. gr. siglingalaganna er ákveðið, að afmáning skips af skipaskrá, af hvaða ástæðum sem er, skuli hafa þær afleiðingar, að í gjalddaga falli skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipinu eða hluta þess. Óþarft þykir að láta afmáninguna út af fyrir sig hafa slík áhrif, nema hún stafi af því, að skip fullnægi ekki lengur reglum skráningarlaga um þjóðernisskilyrði, þ. e. að skipið sé komið í eign erlends aðila og verði flutt úr landi. Að vísu geta önnur atvik, sem leiða til afmáningar skips af skipaskrá, einnig valdið því, að þinglesin skuld falli í gjalddaga, t. d. ef skip ferst, en um það fer eftir almennum reglum og óþarft að setja um það fyrirmæli í siglingalögum.